

## Umsögn íbúaráðs Laugardals. dags. 12. desember 2022, sbr. bréf starfshóps um greiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík

### Hugmyndir um haftengda upplifun

- Í hverfinu er falleg fjara við Laugarnestanga og svo falleg pínulítill hvít strönd við Köllunarklett. Sjáum við fyrir okkur að nýta betur landfyllinguna, sem er við tangann, undir haftengda upplifun fyrir íbúa hverfisins sem og aðra gesti.
- Ráðið er sammála um að passa upp á og halda utan um lágstemmda stemmningu í kringum litlu hvítu ströndina við Köllunarklett, en þar gæti verið gott að komast í einhvers konar skápa þar sem væri aðgengi að verkfærum fyrir hreinsun strandarinnar. Einnig væri æskilegt að fá aðgengi að salerni. Að öðru leyti að passa upp á að raska útliti og aðkomu strandarinnar sem minnst. Einnig eru lagðar fram hugmyndir um öryggismál á svæðinu, svo sem aðgengi að björgunarhringjum o.s.frv.
- Þá kallar íbúaráðið eftir því að bæta mæti aðgengi að strandupplifun í Viðey með aðstöðusköpun.
- Ráðið vill einnig nefna Háubakka við Elliðavog, sem er friðlýst náttúruvætti, að þar væri gott að bæta aðstöðu til fræðslu og upplifunar fyrir íbúa og aðra gesti.
- Að lokum leggur ráðið til að aðgengi að Laugarnestanganum og því strandsvæði sem þar er, verði bætt, en íbúar sem vilja sækja hafupplifun á svæðinu, þurfa að fara yfir Sæbrautina, sem er þung umferðargata, til þess að komast að svæðinu. Bæta mætti úr aðgengi með t.d. vistloki eða göngubrúum eða að Sæbraut fari öll í stökk.

Umfram allt er ráðinu hugleikið að Landspítalafyllingin á Laugarnestanga, sem mikil andstaða innan hverfisins hefur verið um, verði þá nýtt með hagsmunum íbúa í hverfinu í huga, þar verði ekki skrifstofubyggingar eða iðnaðarhúsnæði sett niður. En um er að ræða stóra og furðulega formaða landfyllingu en þar mætti hins vegar gera eitthvað stórkostlegt og ánægjulegt í samræmi og tengslum við haftengda upplifun, eins og t.d. hreystiböð eða gufuböð.